



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um innleiðingu á alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna, SRN17040776
<b>Ráðuneyti</b>	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
<b>Stig mats</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
<b>Dags.</b>	6. desember 2017

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

### 1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

*Fyrirhuguð lagasetning:*

Á 94. þingi Alþjóðavinnuáráðs (e. *International Labour Organization*) í Genf 6. til 23. febrúar 2006 var gengið frá alþjóðasamþykkt um vinnuskilyrði farmanna (e. *Maritime Labour Convention*) og var Ísland meðal þáttakenda á þinginu. Samþykktin felur í sér uppfærðar viðmiðanir alþjóðasamþykktar og alþjóðatilmæla um vinnuskilyrði farmanna auk grundvallarreglna sem er að finna í öðrum alþjóðavinnuáráðsamþykktum.

Gera þarf viðeigandi breytingar á gildandi lögum og reglugerðum svo unnt sé að fullgilda samþykktina og þar með tryggja að farmenn njóti þeirra réttinda sem samþykktin kveður á um. Farmenn eru starfsmenn á farþega- og flutningaskipum. Samþykktin skiptist í fimm eftirfarandi kafla:

- I. Lágmarkskröfur sem farmenn þurfa að uppfylla til að mega vinna um borð í skipum.
- II. Skilyrði fyrir ráðningu.
- III. Vistarverur og tómstundaaðstaða. Fæði og þjónusta áhafna.
- IV. Heilsuvernd, læknishjálp velferð og tryggingarvernd.
- V. Skyldur um framkvæmd og framfylgd.

Breytingar hafa verið gerðar á samþykktinni í tvígang árin 2014 og 2016.

Hver kafli samþykktarinnar inniheldur númeraðar reglur og hverri reglu fylgja viðmið (kvóði) í tveimur hlutum. Annars vegar A-hluta og hins vegar B-hluta viðmið. Þær reglur og þau viðmið sem fram koma í A-hluta eru skuldbindandi fyrir ríki en ekki reglur og viðmiðanir B-hluta. Þrátt fyrir það ber ríkjum skv. VI. kafla samþykktarinnar að íhuga alvarlega að innleiða skyldur sínar með þeim hætti sem kveðið er á um í B-hluta.

Í innleiðingarferlinu er gengið út frá því að innleiða reglur samþykktarinnar frá 2006 og viðmiðanir í A-hluta auk breytinga frá árunum 2014 og 2016. Um er að ræða nauðsynlegar lágmarksbreytingar.

*Áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs:*

Helstu áhrifaþættir er vinna sérfræðinga ráðuneytisins og Samgöngustofu í tengslum við innleiðinguna og í kjölfarið fullgildinguna samþykktarinnar. Þá þarf Samgöngustofa að yfirfara verklag og kerfi tengd viðurkenndum sjómanna-lækningum vegna samþykktarinnar. Jafnframt þarf Samgöngustofa að gefa út MLC vottorð fyrir skip, uppfæra upplýsingar á heimasíðu, mögulega gefa út ný skírteini fyrir

skipskokka, uppfæra verklag við hafnarríkiseftirlit o.fl.

Er það mat Samgöngustofu að framangreint feli í sér nokkurn upphafskostnað en að honum loknum eigi ekki að koma til sérstaks viðbótarkostnaðar.

- a) **Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?** Um er að ræða frummat/hefur ekki farið fram. Þó liggur fyrir minnisblað frá Samgöngustofu um kostnað dags. 17. október 2017.
  - b) **Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum** Um er að ræða frummat/ekki hefur verið lagt mat á.
  - c) **Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?** Tímabundin.
  - d) **Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldapróun** Hefur ekki verið skoðað.
  - e) **Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu** Hefur ekki verið skoðað.
2. **Tekjubreytingar** Ekki fyrir hendi.
  3. **Útgjaldabreytingar** Aukinn rekstrarkostaður stjórnvalda.
  4. **Eignabreytingar** Kaup á búnaði o.fl.
  5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál** Liðir a)-h) eiga ekki við í frummati.
    - a) **Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál**
    - b) **Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs**
    - c) **Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur**
    - d) **Rekstrarform ríkisstarfsemi**
    - e) **Opinber innkaup og útboð**
    - f) **Eignaumsýsla ríkisins**
    - g) **Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna**
    - h) **Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES**

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Nei, hvorki í gildandi fjárlögum né fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Vísað er til þess sem fram kemur í kafla A. um greiningu á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið.

Mögulega verður leitað eftir hækkun á ramma fyrir málefnasvið í fjármálaáætlun 2019-2023. Einnig verður leitað eftir hækkun á fjárheimild til málaflokksins í frumvarpi til fjárlaga 2019 vegna innleiðingarinnar.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Nei.

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.** Á ekki við.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar**

<p>ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999. Á ekki við.</p> <p>3. Samkeppnisskilyrði. Á ekki við.</p>
<p><b>D. Önnur áhrif</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Óveruleg.</li> <li>2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi). Óveruleg.</li> <li>3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000. Óveruleg.</li> <li>4. Áhrif á byggðalög. Óveruleg.</li> <li>5. Áhrif á frjáls félagasamtök. Óveruleg.</li> <li>6. Áhrif á jafnrétti kynjanna. Óveruleg.</li> <li>7. Áhrif a lýðheilsu. Óveruleg.</li> <li>8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir. Óveruleg.</li> <li>9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri. Dregur ekki úr möguleikum.</li> <li>10. Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni. Hefur áhrif á Samgöngustofu sem er í stakk búin til að taka við verkefninu.</li> <li>11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar. Óveruleg.</li> <li>12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun. Óveruleg.</li> </ol>
<p><b>E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag. Um er að ræða frummat og er því vísað til þess sem fram kemur í kafla A. um greiningu á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið.</li> <li>2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á. Nei.</li> <li>3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat). Samfélagslegur ávinningur er umtalsverður og felst m.a. auknu öryggi farmanna og betra hafnarríkiseftirliti.</li> </ol>
<p><b>F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR? Á ekki við / um er að ræða frummat.</li> <li>2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? Á ekki við / um er að ræða frummat.</li> <li>3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? Á ekki við / um er að ræða frummat.</li> </ol>